



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 127/1837
komudagur 11.4.2002/183

Reykjavík 10. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga, 616. mál, grunnskólabyggingar

Vísað er til bréfs dags. 27.mars sl. þar sem félagsmálanefnd Alþingis óskar umsagnar Reykjavíkurborgar um ofangreint frumvarp.

Reykjavíkurborg fagnar lagafrumvarpi til að tryggja að unnt verði að ljúka átaki til einsetningar grunnskólans. Í athugasemdum við frumvarpið segir: „Þykir eðlilegt að sveitarfélög sem kjósa að fjármagna skólabyggingar með samningum um einkaframkvæmd sitji við sama borð og önnur sveitarfélög varðandi styrkveitingar.” Undir þetta sjónarmið tekur Reykjavíkurborg.

Samkvæmt frumvarpinu virðist eiga að verja afmörkuðum hluta styrkveitinganna til framkvæmda sem fjármagnaðar eru með samningum um einkaframkvæmd. Reykjavíkurborg sér engin rök fyrir að eymamerkja tiltekinn hluta framkvæmdafjár með þessum hætti og leggur áherslu á jafnræði sveitarfélaga. Stofnframkvæmdir við grunnskóla eiga að njóta sambærilegra styrkja út frá hlutlægum viðmiðunarreglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga án tillits til þeirrar fjármögnunarleiðar sem valin er.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir